

Aukafundur hreppsnefndar mánudaginn 20.febrúar 2017 haldinn á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði kl. 13:00.

Mætt eru; Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Bjarnheiður Fossdal Melum, Ingólfur Benediktsson Árnesi  
2. Hrefna Þorvaldsdóttir Árnesi 2. Ritari er Elín Agla Briem.

Dagskrá fundarins:

1. Skólamál.
2. Kosning í skólanefnd.

1. Skólamál.

Skólastjóri óskaði eftir samþykki fyrir að setja bækur af Hérðasbókasafninu í kassa til geymslu. Það var ekki samþykkt og ákveðið að bókasafnið yrði áfram á sínum stað. Rætt var um alvarlega samskiptaörðugleika á milli skólastjóra og foreldra. Allir eru sammála um að staðan sé mjög alvarleg og ákeðið er að leita faglegra ráðlegginga hjá Kjara- og mannauðssýslu ríkisins um hvernig hægt sé að taka á málinu á ábyrgan hátt með hag barnanna að leiðarljósi.

2. Kosið var í skólanefnd. Samþykkt var einhljóða að kjósa Guðlaug Ágústsson og Elínu Öglu Briem sem aðalmenn í skólanefnd, án athugasemda. Stungið var uppá og samþykkt að varamenn yrðu Oddný S. Þórðardóttir, Björn Torfason, og Sveindís Guðfinnsdóttir.

Fundi slitið kl 14.52